

## Fundargerð

20. aðalfundur KGSÍ haldinn 9. maí 2015 á Hótel Natura í Reykjavík.

### Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla formanns og stjórnar KGSÍ.
3. Endurskoðaðir reikningar KGSÍ fyrir árið 2014 lagðir fram til umræðu og samþykktar.
4. Kosning formanns KGSÍ.
5. Kosning annarra stjórnarmanna.
6. Kosning skoðunarmanna reikninga KGSÍ.
7. Kirkjugarðar í Noregi – Helge Klingberg landslagsarkitekt.
8. Tölvumál framtíðarinnar – Bjarni Lárus Hall flytur erindi.
9. Formaður KGSÍ gerir grein fyrir vinnu ráðherranefndar um málefni kirkjugarða.
10. Erindi heimamanns. Sr. Hjálmar Jónsson flytur erindi að eigin vali.
11. Önnur mál.

### Fundargestir:

Smári Sigurðsson	Kirkjugarðar Akureyrar
Þórsteinn Ragnarsson	KGRP
Jóhannes Pálmason	KGRP
Björn Sveinsson	KGRP
Elsa Guðmundsdóttir	Reykjavík
Helga Soffía Konráðsdóttir	KGRP
Gísli Jónasson	KGRP
Hjalti Jóhannsson	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
Jóhanna Arnórsdóttir	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
Arnór Sigurðsson	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
Hermann Bj. Erlingsson	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
Helge Klingberg	Noregur
Guðmundur Rafn Sigurðsson	Kirkjugarðaráð
Bergur Torfason	Þingeyrarsókn
Sveinn Valdimarsson	Kirkjugarður Keflavíkur
Þórunn Íris Þórisdóttir	Kirkjugarður Keflavíkur
Þórður Kristjánsson	Kirkjugarður Keflavíkur
Friðbjörn Björnsson	Kirkjugarður Keflavíkur
Arnar Einarsson	Kirkjugarðar Njarðvíkur
Elín Sigrún Jónsdóttir	Útfararstofa Kirkjugarðanna
Ólafur Valgeirsson	Vopnafjarðarkirkjugarður
Þorgeir Adamsson	KGRP
Viðar Jakob Gunnarsson	KGRP
Helena Sif Þorgeirsdóttir	KGRP
Helga Oddsdóttir	KGRP
Halldór Kristinn Pedersen	KGRP
Jörgen Pétur Guðjónsson	KGRP
Egill Heiðar Gíslason	KGRP
Emilfa Guðrún Svavarsdóttir	KGRP
Heimir Bj. Janusarson	KGRP
Katrín Birna Viðarsdóttir	Ásólfsskálakirkjugarður
Helga Halldórsdóttir	KGRP
Hreiðar Örn Stefánsson	Lágafellskirkjugarður

Indriði Valdimarsson  
Þjóðbjörn Hannesson  
Jón Finnsson  
Þorsteinn Eyþórsson  
Sigrún Stefánsdóttir  
Bergljót Sigurðardóttir  
Sylvía Hallsdóttir  
Guðbergur Rafn Ægisson  
Margrét Þórhallsdóttir  
Arnfinnur R. Einarsson  
Albert Eymundsson  
Örn Arnarson  
Gestur Jónsson  
Stefán Ívar Hansen  
Kristján Jón Guðjónsson  
Stefán Arnaldsson  
Stefán Gunnarsson  
Sigurgeir Skúlason  
Guðrún M. Jóhannsdóttir  
Þráinn Þorvaldsson

Kirkjugarður Akraness  
Kirkjugarður Akraness  
Kirkjugarður Borgarness  
Kirkjugarður Borgarness  
Kirkjugarðar Akureyrar  
Útfararþjónusta KGA  
Garðakirkjugarður  
Kirkjugarður Húsavíkur  
Kirkjugarður Húsavíkur  
KGRP  
Höfn og Stafafell í Lóni  
Hafnarsókn  
Kirkjugarðar Akureyrar  
Kirkjugarðar Akureyrar  
Kirkjugarðar Akureyrar  
Útfararþjónusta KGA  
Kirkjugarðar Akureyrar  
Kirkjugarðaráð  
Neskaupsstaður  
Útfararstofa Kirkjugarðanna

Þorsteinn Ragnarsson formaður KGSÍ bauð fundargesti hjartanlega velkomna og minntist þess að nú væri 20. aðalfundur KGSÍ. Fyrstu stofnaðilar sem staddir voru í salnum risu úr sætum en þeir eru auk formanns: Jóhannes Pálmason, Guðmundur Rafn Sigurðsson, Þjóðbjörn Hannesson og Gestur Jónsson.

#### 1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Stungið var upp á Jóhannesi Pálmasyri sem fundarstjóra og Þorgeiri Adamssyni sem ritara og var hvoru tveggja samþykkt.

Fundarstjóri gekk úr skugga um lögmæti fundarins sem reyndist í lagi.

#### 2. Skýrsla formanns og stjórnar KGSÍ.

Þorsteinn Ragnarsson formaður KGSÍ kynnti ársskýrslu stjórnar og fór yfir efni hennar og áréttaði mikilvægi þess starfs sem KGSÍ hefur innt af hendi undanfari ár og varðar málefni kirkjugarða. Formaður fór yfir skiptingu fjármagns og þá miklu skerðingu sem við blasir og rekur sig til ársins 2008. KGSÍ gegnir stóru hlutverki við skiptingu fjármagns niður á garða landsins. Hann minnti á mikla hækkun á greiðslu til presta eða 44% á einu og hálfu ári. Mikil vandræði hafa hlotist af þessari hækkun víða út um landið. Er svo komið að sóknir eru farnar að lána til kirkjugarða.

Greint var frá síðasta aðalfundi sem haldinn var í Borgarnesi og rifjuð upp ályktun sem send var út frá fundinum. Fram kemur harðorð gagnrýni á ráðamenn/embættismenn. Ekkert er mögulegt nema með samstilltu átaki allra sem koma að málefninu og standa saman að KGSÍ.

Fundarstjóri þakkaði fyrir góða skýrslu og frestaði umræðum um hana.

#### 3. Endurskoðaðir reikningar KGSÍ fyrir árið 2014 lagðir fram til umræðu og samþykktar.

Björn Sveinsson fór yfir ársreikninga KGSÍ. Hann vakti athygli á ábyrgð endurskoðenda og ábyrgð stjórnar sem og áritun skoðunarmanna. Björn fór vel yfir alla helstu liði, rekstrartekjur, gjöld, efnahagsreikning, sjóðstreymi og fl.

Rekstrartekjur ársins námu kr. 7.667.085, sem er rúnum 100 þús. krónum hærra en árið áður. Rekstrar gjöld voru kr. 5.793.760, en þau lækkuðu milli ára um tæplega 1,5 m.kr. Það er tvennt

sem skýrir þann mun, annarsvegar var ekki gefið út fréttabréf á árinu og hinsvegar bókaðist stærri hluti aðkeypts sérfræðikostnaðar hjá greftrunarsjóði í stað félagsrekstrar. Tekjur umfram gjöld námu því kr. 1.873.325 en eftir fjármagnsliði endaði hagnaður ársins í kr. 1.947.637. Handbært fé í árslok var tæplega 9,5 m.kr. og eigið fé sambandsins stóð í kr. 7.073.671.

Fundarstjóri þakkaði Birni fyrir góðar útskýringar og gaf orðið laust til fyrirspurna.

Ólafur frá Vopnafirði kom í ræðustól og þakkaði fyrir góða skýrslu og lýsti ánægju sinni með harðorða skýrslu. Hann lýsti erfiðleikum þeim sem snúa að málefnum kirkjunnar þar sem hann hefur setið á kirkjuþingi. Hann velti upp spurningu um að skipta um nafn á fyrirbærinu sem við köllum kirkjugarða.

Fundarstjóri bar upp reikninga til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

#### 4. Kosning formanns KGSÍ.

Fundarstjóri kynnti þá einstaklinga sem sátu í stjórn og varastjórn. Þórsteinn Ragnarsson, Guðmundur Rafn Sigurðsson og Smári Sigurðsson sem aðalmenn og Þórunn Ragnarsdóttir og Indriði Valdimarsson sem varamenn. Voru þau öll endurkjörin einróma.

Skoðunarmenn voru einnig endurkjörnir, þeir Þjóðbjörn Hannesson og Sveinn Valdimarsson.

Fundarstjóri gerði breytingu á dagskrá. Erindi Bjarna Lárusar Hall var fært fram um einn lið

#### 5. Tölvumál framtíðarinnar – Bjarni Lárus Hall flytur erindi.

Bjarni Lárus Hall talaði um gögn sem eru tengd legstöðum og möguleika til að koma þeim á framfæri í formi upplýsinga með nútíma tækni. „App“-staðsetning leiðis – staðsetning þess er leitar að leiði og framsetning á korti viðkomandi garðs og leiðarlýsing að leiði. Margir möguleikar eru á tengingu við gagnagrunna af ýmsu tagi.

Fundarstjóri þakkaði Bjarna fyrir áhugavert erindi og kynnti Helge Klingberg.

#### 6. Kirkjugarðar í Noregi – Helge Klingberg landslagsarkitekt.

Útdrætti úr erindi Helge var dreift á fundinum.

Fundarstjóri þakkaði Helge fyrir skemmtilegt erindi. Breyting dagskrár: erindi Sr. Hjálmars Jónssonar tekið fram um einn dagskrárlið.

#### 7. Erindi heimamanns. Sr. Hjálmar Jónsson flytur erindi að eigin vali.

Sr. Hjálmar Jónsson flutti skemmtilegt erindi frá eigin brjósti og fékk hann þakkir frá fundarstjóra og fundarmönnum.

-Matarhlé-

Fundarstjóri bauð fundargesti velkomna aftur til fundar og þakkaði fyrir góðan málsverð.

#### 8. Formaður KGSÍ gerir grein fyrir vinnu ráðherranefndar um málefni kirkjugarða.

Formaður sagðist bundinn trúnaði þar til nefndin hafi skilað niðurstöðum en óhætt væri að segja frá útlínunum nefndarstarfsins. Aðdragandi þess að nefndin var skipuð var skýrslan frá Haraldi L. Haraldssyni sem kom út 2013 að frumkvæði KGSÍ. Fundað var í innanríkisráðuneytinu og umrædd skýrsla lögð fram. Góður rómur var gerður að henni og vildu menn fylgja henni eftir með því að skipa nefnd til að sannreyna þær stærðir sem skýrslan birti. Eitt og hálft ár leið frá því skýrslunni var skilað inn og þar til

nefndin var skipuð. Mikill dráttur hefur verið á framgangi mála. Ekkert bólar enn á niðurstöðum nefndarinnar sem starfað hefur frá því í júlí 2014. E.t.v. er deiluefni hvernig skuli túlka samkomulagið frá 2005, t.d. hver skuli sjá um rekstu líkhúss og athafnarýma. Þessi ásteytingarsteinn hefur m.a. valdið því að frumvarpið hefur ekki farið í gegn. Hótanir frá fjármálaráðuneyti hafa valdið því að embættismenn í innanríkisráðuneyti hafa ekki treyst sér til að fylgja málum eftir.

Einn aðalþáttur nefndarstarfsins er að reikna út allskonar kostnað m.v. ýmsar forsendur. Skerðing á fjárveitingum til kirkjugarða er mikil og meiri en gert hefur verið ráð fyrir hingað til. Láta mun nærri að skerðingin í heild (frávik frá samkomulaginu 2005) sé um 2 milljarðar á þessum 16 árum (2005-2015). Ólafur Valgeirsson spurði um hvert hlutfall af þeirri upphæð væri umframskerðing miðað við aðrar stofnanir sem eru á fjárlögum. Formaður taldi að upphæðin gæti verið milli 15 til 20% af heildarkerðingu, þ.e. á milli 200 og 300 m.kr. en ekki væri hægt að svo stöddu að staðfesta þessar tölur.

Fram kom hjá formanni að ýmislegt hafi verið reynt til að þrýsta á ráðuneytin, t.d. hefðu KGRP sent bréf til stjórnvalda um að hugsanlega neyddust KGRP til að loka líkhúsi og athafnarýmum en engin viðbrögð bárust við því bréfi. Formaður sagði að fullvíst mætti telja að embættismenn í innanríkisráðuneyti skynjuðu fjárhagsvanda kirkjugarða en hefðu ekki getu til að lagfæra þann vanda.

Fundarstjóri þakkaði Þórsteini fyrir góða frásögn.

## 9. Önnur mál.

Smári Sigurðsson kom í ræðustól og sagði frá löngum aðdraganda að-, og hægum framgangi málefna kirkjugarða. Smára þykir sem embættismenn geri lítið annað en að þæfa málið. Hann las upp ályktun, eða drög að ályktun sem fundurinn samþykkti einróma.

Ályktunin:

„Innanríkisráðuneyti,  
b.t. ráðherra.  
20.5.2015.

Ágæti ráðherra, Ólöf Nordal !

Sendi hér með ályktun aðalfundar Kirkjugarðasambands Íslands (KGSÍ) sem haldinn var á Hótel Natura, Reykjavík, laugardaginn 9. maí 2015.

Aðalfundur KGSÍ haldinn á Hótel Natura, Reykjavík, laugardaginn 9. maí 2015, varar við bágrri fjárhagsstöðu kirkjugarða landsins. Margir kirkjugarðar hafa verið reknir með tapi síðastliðin ár og það tap er til komið vegna þess að framlag ríkisins til kirkjugarða hefur rýrnað svo umfram þróun verðlags og launa undanfarin 11 ár að almennt er ekki lengur hægt að halda uppi lögbundinni starfsemi.

Láta mun nærri að framlag ríkisins til kirkjugarða hafi hækkað um 40% frá 2005 til 2015 en hækkun byggingavísitölu og launavísitölu hefur orðið á sama tíma 100%. Þetta misgengi veldur því að tekjur kirkjugarða standa ekki lengur undir lögbundnum skyldum. Aðalfundur KGSÍ vekur athygli stjórnvalda á þeim alvarlegu afleiðingum sem þetta gríðarlega fjársveldi hefur á umhirðu og alla þjónustu sem kirkjugarðar eiga að láta samfélaginu í té.

Aðalfundurinn lýsir jafnframt yfir vonbrigðum sínum með að nefnd sú, sem fyrrverandi innanríkisráðherra skipaði á miðju ári 2014 og fjalla átti um fjárhagsvanda kirkjugarða, hafi ekki enn skilað niðurstöðum.

Reykjavík, 9. maí 2015.

F.h. aðalfundar KGSÍ,

Þórsteinn Ragnarsson, formaður.

Ólafur Valgeirsson veltir vöngum yfir því við hvern er talað með ályktunum slíkum eins og sett var fram. Árangur? –allt í hægagangi. Er þörf á að KGSÍ fái aðstoð fjölmiðlafulltrúa? Hann mælti með að það yrði prufað.

Þórsteinn sagði að þörf væri fyrir að fleiri kæmu að þessu málefni. Tengiliður í hverju prófastsdæmi. Menn tækju á því með sínum hætti og sendu til nærtækra fjölmiðla.

Fundarstjóri tilkynnti að orðið væri laust.

Sigrún Stefánsdóttir sagði að erfitt væri að ná athygli fjölmiðla en ef málið væri vel unnið þá tækju fjölmiðlar það beint upp og birtu.

Ólafur lagði til notkun á Facebook til að koma málefninu á framfæri. Heimir Bj. Janusarson skaut því að Hólavallagarður væri á Facebook og þar birtust fréttir.

Fram kom ánægja með erindi Helge Klingberg.

Fundarstjóri þakkaði fyrir góðan fund.

Þórsteinn formaður KGSÍ þakkaði fyrir góðan fund, skörulega fundarstjórn og vinnu ritara. Formaður þakkaði Helge Klingberg sérstaklega fyrir góða fyrirlestra og fundargestum fyrir góða þátttöku.

Fundargerð ritaði:

Þorgeir Adamsson,  
garðyrkjustjóri KGRP.

ATH! Myndir af aðalfundi eru á slóðinni:

<http://gardur.is/kgsi.php> og

<https://www.dropbox.com/sc/sjxre00fibx6smm/AADSeQdjALTccIXXUGauHkQQa>